

Auk aðflutningsgjalda sem tilgreind eru í fylgiskjali þessu skal greiða 24,5% virðisaukaskatt samkvæmt lögum nr. 55/1989, virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með tolli og vörugjaldi samkvæmt fylgiskjali þessu er átt við skatta sem greiða ber samkvæmt tollalögum nr. 55/1987 og lögum nr. 97/1987 um vörugjald með síðari breytingum.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingar með rg. nr. 434/1988 og 364/1990.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef selja á afurðir skal slátrun búfjár (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) fara fram í sláturhúsi, sem hlotið hefur löggildingu landbúnaðarráðuneytisins. Einungis ábúendum á lögbylum utan kaupstaða og kauptúna er heimilt að slátra hæfilegum fjölda af eigin búfé heima á lögbylinu, enda séu afurðirnar eingöngu ætlaðar til eigin neyslu. Óheimilt er að selja sláturafurðirnar eða dreifa þeim á annan hátt frá lögbylinu, s.s. til gjafa, vinnslu söltunar eða frystingar.

2. gr.

Við b-lið 1. mgr. 17. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Leyfilegt frávik á ofangreindum fitumörkum er ± 1 mm eftir vöðvabyggingu og fitudreifingu skrokksins, samkvæmt nánari fyrirmælum kjötmatsformanns.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 205/1967 um útbúnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Kjöttvinnsla sem fer fram í húsakynnum sláturhúsa skal vera undir eftirliti kjötskoðunar-læknis. Heilbrigðiseftirlit með öðrum kjöttvinnslustöðvum (kjötverkunarstöðvum), er í höndum heilbrigðisnefnda, sbr. Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1992.

Halldór Blöndal

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar |1992/1993.

1. gr.

1. töluliður 3. gr. orðist svo:

Í lögsögu Íslands eru loðnuveiðar bannaðar til 1. nóvember 1992 á eftirgreindum svæðum:

- A. Vestan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°45'N.
- B. Austan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°15'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1992.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 304 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Eldri fullvinnsluskip sbr. 10. gr. skulu sækja um leyfi fyrir 1. október 1992.